

Nr. 097 / 09 Vinur GK 96***Eldur í höfn***

Skipaskr.nr. 2477
Smíðaður: Hafnarfirði 2000, plast
Stærð: 6,4 brl. 6 bt.
Mesta lengd: 8,73 m Skráð lengd: 8,67 m
Breidd: 2,57 m Dýpt: 1,19 m
Vél: Yanmar 257 kW, 2000
Fjöldi skipverja:



Vinur©Gunnar L. Haraldsson

Gögn:
Lögregluskýrslur
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 15. febrúar 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 30. júlí 2009 var Vinur GK 96 við bryggju í Reykjanesbæ. Veður: N 5-8 m/s, hiti 10°C.

Báturinn lá í smábátahöfninni og um kl. 01:00 varð vegfarandi var við eld í honum.

Lögregla var látin vita og þegar hún kom á staðinn var mikill eldur laus í bátnum og logaði mest í fremri hluta hans og í stýrishúsi. Slökkvilið kom skömmu síðar.

Eftir að lögreglan hafði náð í lykil til að opna svæðið svo slökkviliðið gæti athafnað sig betur gekk vel að slökkva eldinn. Báturinn var mjög illa farinn.



Mynd©mbl.Árni Árnason

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn var tengdur landrafmagni og hafði orkumælir (sjá mynd) fyrir það verið skorðaður upp undir lunningu rétt fyrir aftan þilið á stýrishúsinu bakborðsmegin. Á þessu svæði var bruninn mestur og ljóst að brunaferlið hófst þar;
- að orkumælirinn var mikið brunninn bæði að utan og innan. Orkumælirinn er um 6 sm



- breiður og um 20 sm langur;
- að landrafmagnið var til tengingar á rafmagnsofni í stýrishúsi;
 - að við brunann fékk vélin rafmagn og fór í gang. Lykillinn var ekki í svissinum;
 - að hafnaryfirvöld höfðu einu sinni tekið við lítið bráðnuðum orkumæli sem hafði slegið út lekaliða og var þá dæmdur ónýtur. Skipstjórinn kvaðst hafa heyrt af fleiri tilfellum;
 - að skipstjórinn hafði yfirgefið bátinn um kl. 23:15 og haft var samband við hann rétt fyrir kl. 01:00 og var þá mikill eldur í bátnum;
 - að um 800 kg af afla var um borð;
 - að hafnaryfirvöld hafa ákveðið að orkumælarnir verði framvegis staðsettir við rafmagnstengistöplana á flotbryggjunum en ekki um borð í bátum.

Nefndarálit:

Orsök þess að eldur varð laus var bilun í orkumæli fyrir landrafmagn.

Sérstakar ábendingar:

Nefndin bendir hafnaryfirvöldum á mikilvægi þess að viðbragðsaðilar hafi lyklavöld af læstum hafnarsvæðum.

Nefndin beinir því einnig til hafnaryfirvalda að þau útbúi rafmagnstengingar með þeim hætti að orkumælar séu ekki hafðir um borð í bátum.